

Aðalfundur Heima hf. verður haldinn 9. mars 2026

Stjórn Heima hf. boðar til aðalfundar félagsins sem haldinn verður í Smárabíó, í salnum Flauel, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, mánudaginn 9. mars 2026, kl. 15:00.

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fylgjast með fundinum í gegnum streymi eru beðnir um að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@heimar.is og munu þeir fá sendan hlekk á streymi af fundinum áður en hann hefst.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum:
 - a) Tillaga um breytingu á 1. mgr. 4. gr. samþykktar félagsins þar sem lagt er til að hlutafé verði lækkað til ógildingar eigin hluta.
 - b) Tillaga um breytingu á 23. gr. samþykktar félagsins þar sem lagt er til að bætt verði við ákvæði um varamenn í stjórn félagsins.
7. Kosning félagsstjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Tilnefning nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.
10. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
11. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.
12. Önnur mál, löglega fram borin.

Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá samkvæmt hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Óskað er eftir að umboð berist tímanlega fyrir aðalfund á fjarfestatengsl@heimar.is og skal það undirritað af hluthafa eða prókúruhafa. Einnig er fundarmanni heimilt að framvísa umboði við mætingu á aðalfund en þá skal þess gætt að mæta tímanlega til að hægt sé að yfirfara umboðið með tilliti til gildis þess. Umboð verður ekki afturkallað svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að því hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærri fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri

stjórnarmenn en kjósa skal um. Varðandi heimild til að krefjast hlutfalls- eða margfeldiskosningar við kjör stjórnarmanna vísast til 24. gr. samþykktta félagsins, en krafa um það skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en tvær vikur eru til aðalfundarins. Um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til 18. gr. samþykktta félagsins sem finna má á heimasíðu þess, **www.heimar.is/fjarfestar**.

Skýrslu tilnefningarnefndar um samsetningu stjórnar og önnur framkomin framboð má finna á heimasíðu félagsins, **www.heimar.is/fjarfestar**. Sérstök athygli er vakin á því að samkvæmt samþykktum félagsins ber að tilkynna um framboð til stjórnar og varastjórnar skriflega minnst sjö sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 15:00 mánudaginn 2. mars 2026. Framboðum skal skila á skrifstofu Heima hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogi eða á netfangið **tilnefningarnefnd@heimar.is**. Tilnefningarnefnd getur breytt tillögu sinni þar til fimm dagar eru til aðalfundar. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Þar sem kjör tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd er á dagskrá fundarins er óskað eftir framboðum í tilnefningarnefnd. Tilnefningarnefnd skal skipuð að minnsta kosti þremur nefndarmönnum sem skulu hafa nauðsynlega þekkingu og reynslu miðað við störf nefndarinnar. Við framangreint er m.a. litið heildstætt til beinna og óbeinna tengsla nefndarmanna við félagið. Framboðseyðublað og nánari upplýsingar um starfsemi tilnefningarnefndar er að finna á heimasíðu félagsins **www.heimar.is/fjarfestar**. Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar ber að tilkynna um framboð eigi síðar en sjö dögum fyrir fundinn, eða fyrir kl. 15:00 mánudaginn 2. mars 2026. Framboðum skal skila á skrifstofu Heima hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogi eða á netfangið **stjorn@heimar.is**.

Gögn vegna fundarins verða aðgengileg á skrifstofu félagsins og á vefsvæði tengdu aðalfundi á heimasíðu félagsins, **www.heimar.is/fjarfestar**, en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengilegar a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund, sbr. 18. gr. samþykktta félagsins.

Aðalfundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogi, 16. febrúar 2026.

Stjórn Heima hf.